
Efnistaka í landi Skorholts, Hvalfjarðarsveit

Ákvörðun um matsáætlun

1 INNGANGUR

Þann 20. október 2021 barst Skipulagsstofnun tillaga BM Vallár að matsáætlun vegna fyrirhugaðrar efnistöku í Skorholtsnámu í Hvalfjarðarsveit samkvæmt 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 2.01 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Hvalfjarðarsveitar, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Samgöngustofu, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tillaga framkvæmdaraðila að matsáætlun: BM Vallá, efnistaka í landi Skorholts í Hvalfjarðarsveit. Mat á umhverfisáhrifum, tillaga að matsáætlun. BM Vallá og Environice.

Umsagnir um tillögu að matsáætlun bárust frá:

- Hvalfjarðarsveit dags. 16. febrúar 2021
- Heilbrigðiseftirliti Vesturlands dags. 16. nóvember 2020
- Minjastofnun Íslands dags. 20. nóvember 2020
- Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 23. nóvember 2020
- Samgöngustofu dags. 18. nóvember 2020
- Umhverfisstofnun dags. 12. nóvember 2020
- Vegagerðinni dags. 27. nóvember 2020

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila dags. 18. og 24. nóvember og 1. desember 2020.

3 FRAMKVÆMD OG UMHVERFISÁHRIF

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að um sé að ræða áframhaldandi efnistöku í landi Skorholts í Hvalfjarðarsveit. Náman er tilgreind í aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008-2020 og er áætlað að tekið verði um 500-800 þúsund m³ af efni úr námunni á 4,8 ha svæði. Efnistaka hefur verið stunduð í Skorholtsnámu allt frá árinu 1954 og búið er að vinna um 455 þúsund m³ af efni úr námunni. Fyrirhuguð framkvæmd miðar að því að vinna allt að 2,5 milljón m³ af efni úr námunni til viðbótar á næstu 30-40 árum. Fyrirhuguð efnistökusvæði er áætlað um 12,5 ha að stærð og gert er ráð fyrir að vinna um 18 metra niður.

Að neðan er gerð grein fyrir atriðum sem fjalla þarf um í frummatsskýrslu umfram það sem tilgreint er í tillögu BM Vallár eða leiðir beint af kröfum í 20. gr. reglugerðar nr. 660/2015.



Samlegðaráhrif

Skipulagsstofnun veur athygli á að þann 3. febrúar sl. birtist í Fréttablaðinu auglýsing um drög að tillögu að matsáætlun vegna efnistöku úr Bakka- og Skorholtsnámu á vegum Hólaskarðs ehf. Þar kemur fram að fyrirtækið áformi efnistöku á landskika sem liggur á milli Bakkanámu og Skorholtsnámu auk þess efnis sem enn er nýtanlegt úr Bakkanámu. Talið er að um 1,2 milljón m³ efnis sé vinnanlegt úr landskikanum auk þess að um það bil 100-200 þúsund m³ sé enn vinnanlegt úr Bakkanámu.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir fyrirhugaðri efnistöku á vegum Hólaskarðs ehf. af svæði á milli Bakkanámu og Skorholtsnámu og leggja mat á samlegðaráhrif námanna á þá umhverfisþætti sem verða til umfjöllunar í frummatsskýrslu BM Vallár.

Áfangaskipting og frágangur

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að að rekstri og frágangi námunnar verði þannig háttað að sem minnst neikvæð áhrif verði á umhverfið og að gengið verði frá námunni að framkvæmdum loknum. Í tillögunni er jafnframt vitnað til greinargerðar með Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008-2020 þar sem fram kemur að ef vinnslutími sé langur er æskilegt að valinn sé staður þar sem sýnileiki námunnar frá fjölförnum stöðum er lítill. Í þeim tilfellum er æskilegt að áfangaskipta efnistöku og ganga jafnóðum frá þeim hluta svæðisins þar sem efnistöku er lokið.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands telur að æskilegt sé að kalla eftir áætlun framkvæmdaraðila um lokun svæða á framkvæmdatímanum, að náman verði unnin í áföngum og hverjum áfanga lokað jafn óðum.

Fyrir liggur að efnistaka úr Skorholtsnámu hefur staðið í áratugi og fyrirhugað er að efnistaka úr Skorholtsnámu standi yfir í ein 30- 40 ár til viðbótar og er gert ráð fyrir að taka margfalt meira magn á þeim tíma en gert hefur verið fram að þessu og stækka námuna um helming. Í ljósi þessa telur Skipulagsstofnun að í frummatsskýrslu þurfi að skýra ítarlega frá vinnslutilhögun og áfangaskiptingu efnistökkunnar og áformum sem miða að því að gengið verði frá námunni í lok hvers áfanga og í hverju sá frágangur felist. Þá þarf einnig í frummatsskýrslu að fjalla um hvernig frágangi efnistökusvæðisins hefur verið háttað fram að þessu.

Valkostir

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að ekki sé um að ræða aðra staðsetningarvalkosti fyrir efnistökkuna en að í mati á umhverfisáhrifum kemur til greina að skoða mismunandi útfærslu á vinnsludýpi efnistökkunnar til samanburðar við aðalvalkost.

Skipulagsstofnun minnir á að í frummatsskýrslu skal ávallt gera grein fyrir raunhæfum valkostum sem framkvæmdaraðili hefur kannað og bera þá saman með tilliti til umhverfisáhrifa. Tilgreina skal ástæður fyrir aðalvalkosti með tilliti til umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar. Samanburður umhverfisáhrifa þeirra valkosta sem til greina koma er lykilþáttur í mati á umhverfisáhrifum. Valkostaumfjöllun vegna efnistöku úr Skorholtsnámu getur til að mynda snúið að afmörkun efnistökusvæðis, áfangaskiptingu, vinnslutíma eða því magni sem fyrirhugað er að taka úr námunni.

Mat á umhverfisáhrifum

Í tillögu að matsáætlun er fjallað um landslag og sjónræna þætti og áform um umfjöllun og mat á þessa þætti sem sett verður fram í frummatsskýrslu. Þá kemur fram að um 500 m vestan við Skorholtsnámu sé önnur náma sem er um 8,5 ha að stærð á vegum annars rekstraraðila.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að leggja eigi áherslu á að opna ekki Skorholtsnámu í átt að Vesturlandsvegi og bent er á mikilvægi þess að hugað sé vandlega að sjónrænum áhrifum efnistökkunnar vegna langs vinnslutíma.



Í svörum framkvæmdaraðila er tekið fram að ekki eru áform uppi um að opna námuna frá öðrum stað en þar sem núverandi aðkoma er. Ekið er ofan í námuna úr suðsuðvesturátt frá Melasveitarvegi en Vesturlandsvegur er um hálfum kílómetra í beinni loftlínu austan við námuna. Náman er eins og gígur í laginu, enda unnið hátt í 18 metra niður, og er því framkvæmdin afar lítið sýnileg frá Vesturlandsvegi.

Skipulagsstofnun leggur áherslu á mikilvægi þess að fjalla um hugsanleg áhrif af bæði núverandi efnistöku jafnt sem fyrirhugaðri á ásynd svæðisins. Í frummatsskýrslu þarf að koma fram rökstuðningur fyrir vali sjónarhorna sem eiga að sýna útlit framkvæmdasvæðisins á ljósmyndum. Leitast þarf við að sýna með líkanmyndum frá sjónarhornum s.s. frá Vesturlandsvegi, hvernig ásynd námunnar kann að breytast eftir því sem efnistökusvæðið stækkar. Þá þarf að gera grein fyrir hvað lagt er til grundvallar mati á gildi svæðisins og viðkvæmni þess.

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að svæðið sé ekki á eða í nánd við vatnsverndarsvæði, hvorki brunn-, grann- eða fjarsvæði.

Skipulagsstofnun bendir á að efnistaka hefur verið og mun verða á allt að 18 m dýpi og ekki liggur fyrir hvort vinnsla sé komin nærri grunnvatnsborði og þar með hvort hætta sé á því að neysluvatn nálægra bæja kunni að vera hætta búin. Skipulagsstofnun telur að í frummatsskýrslu þurfi að koma fram upplýsingar um grunnvatnsborð og hvort að hætta geti verið á að mengun kunni að berast í grunnvatn vegna starfseminnar. Gera þarf grein fyrir hvaða verklag við efnistöku þurfi að viðhafa til þess að koma í veg fyrir að mengunarefni geti borist í jarðveg og grunnvatn og hvort að viðbragðsáætlun sé til staðar ef óhapp verður.

Skipulag

Þar sem fyrirhuguð efnistaka er mun meiri en gert er ráð fyrir í aðalskipulagi þarf að gera breytingu á Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008-2020. Þá þarf að vinna deiliskipulag fyrir efnistökusvæðið.

4 NIÐURSTAÐA

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu BM Vallár að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi athugasemdum:

1. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir fyrirhugaðri efnistöku á vegum Hólaskarðs ehf. af svæði á milli Bakkanámu og Skorholtsnámu og leggja mat á samlegðaráhrif námanna á þá umhverfisþætti sem verða til umfjöllunar í frummatsskýrslu BM Vallár.
2. Í frummatsskýrslu þarf að skýra ítarlega frá vinnslutilhöggun og áfangaskiptingu efnistökkunnar og áformum sem miða að því að gengið verði frá námunni í lok hvers áfanga og í hverju sá frágangur felst. Þá þarf einnig í frummatsskýrslu að fjalla um hvernig frágangi efnistökusvæðisins hefur verið háttáð fram að þessu.
3. Í frummatsskýrslu skal gera grein fyrir raunhæfum valkostum sem framkvæmdaraðili hefur kannað og bera þá saman með tilliti til umhverfisáhrifa. Tilgreina skal ástæður fyrir aðalvalkosti með tilliti til umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar.
4. Í frummatsskýrslu þarf að koma fram rökstuðningur fyrir vali sjónarhorna sem eiga að sýna útlit framkvæmdasvæðisins á ljósmyndum. Leitast þarf við að sýna með líkanmyndum frá sjónarhornum s.s. frá Vesturlandsvegi, hvernig ásynd námunnar kann að breytast eftir því sem efnistökusvæðið stækkar. Þá þarf að gera grein fyrir hvað lagt er til grundvallar mati á gildi svæðisins og viðkvæmni þess.
5. Í frummatsskýrslu þurfa að koma fram upplýsingar um grunnvatnsborð og hvort að hætta geti verið á að mengun kunni að berast í grunnvatn vegna starfseminnar. Gera þarf grein fyrir hvaða verklag við efnistöku þurfi að viðhafa til þess að koma í veg fyrir að



mengunarefni geti borist í jarðveg og grunnvatn og hvort að viðbragðsáætlun sé til staðar ef óhapp verður.

Framkvæmdaraðili getur kært ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum og er kærufrestur til 12. apríl 2021.

Reykjavík, 8. mars 2021

Egill Þórarinsson

Jakob Gunnarsson